

Mánudaginn 5. júlí.

Nr. 25/1909:

Einar M. Jónasson  
gegn  
Runólfi E. Sverrisson.

## D ó m u r:

Mál þetta var rekið á bæjarþingi Reykjavíkur fyrir 2 dómurum, Halldóri Daníeissyni frá 29. október f. ár til ársloka og Jóni Magnússyni frá þessa árs byrjun til 15. apríl síðastl., þá er dómur var uppkveðinn í því. Við áfrýjun málsins hefir þó að eins hinum síðar nefnda dómurum verið stefnt fyrir yfirdóminn, og hefir þannig eigi verið gætt fyrir mælanna í N. L. 1—2—3. Verður því ex officio að frávísa málinu, og þar sem stefndi hefir mætt og krafist málskostnaðar, verður að dæma honum hæfileg ómakslaun, er ákveðast 10 krónur.

## Þvi dæmist rétt vera:

Máli þessu frávisast. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði stefnda Runólfi E. Sverrisson 10 kr. í kost og tæring, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí.

Nr. 26/1909:

Réttvísni  
gegn  
Eiríki Eiríkssyni.

## D ó m u r:

Með gestaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðn-

um 6. nóv. f. á. af Kristjáni Linnet kand. jur. sem setu-  
dómara, var ákærði Eiríkur Eiríksson, bóndi á Uppsölum  
í Selárdal, dæmdur samkvæmt 99. gr. og með hliðsjón af  
58., 60. og 61. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 fyrir  
að hafa gert fógeta tálmanir við embættisverk hans, í 40  
kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef  
sektin yrði ekki greidd í tækan tíma, svo og til að  
greiða sakarkostnaðinn allan, að meðtöldum 4 kr. í máls-  
varnarlaun til hins skipaða verjanda, Magnúsar prests  
Þorsteinssonar. Það sést eigi af skjölum málsins, að  
dómur þessi hafi verið birtur ákærða, en samkvæmt áfrý-  
junarstefnunni, sem rituð er á dómsgjörðirnar, hefir  
ákærði lýst því yfir, að hann vilji láta áfrýja dómnum,  
og er því málinu samkvæmt ósk hans skotið til yfir-  
dómsins.

Skömmu eftir fardaga, eða 9. júní f. á. kom sýslu-  
maðurinn í Barðastrandarsýslu Guðmundur Björnsson að  
Firði í Múlahreppi eftir beiðni Sturlu Jónssonar kaupmanns  
og Einars M. Jónssonar málflytningmanns í Reykjavík,  
til að bera ákærða út af nefndri jörð, er hann bjó á.  
Sýslumaðurinn kom að Firði um hádegisbil og var ákærði  
heima; viðstaddir voru og þeir Guðmundur Jónsson  
kaupmaður í Skarðsstöð og Snæbjörn Kristjánsson hrepp-  
stjóri í Hergilsey sem umboðsmaður gjörðarbeiðanda, og  
reyndu þeir til, áður frekara var að gjört, að fá ákærða  
til að flytja burtu með góðu, svo ekki þyrfti að beita  
útburði, og sýslumaður réð og ákærða til þess. Á þess-  
um tilraunum og fortölum við ákærða stóð allengi, en  
þær urðu árangurslausar, og úrskurðaði þá fógetinn, er  
líðið var að nóni, að ákærði skyldi borinn út, en veitti  
honum jafnframt nokkurn frest til að hugsa sig um, áður



en úrskurðurinn yrði framkvæmdur, hvort hann vildi fara góðfúslega, með því að ákærða voru enn gerð sáttaboð, og fógetanum virtist hann vera mjög æstur í skapi. Ákærði fór svo út og gekk upp á eða upp undir kletta fyrir austan túnið til að hugsa mál sitt. En þegar fógetinn áleit frestinn liðinn og ætlaði að láta byrja útburðinn, var honum sagt, að ákærði hefði læst herbergi því, er kona ákærða var í og börn þeirra og nokkrir innanstokksmunir, og farið með lykilinn. Fógetinn sendi þá eftir ákærða, og kom hann heim að bænum áður en langt var liðið, skoraði fógetinn á hann að selja fram lykilinn að nefndu herbergi, eða segja til, hvar hann væri, en ákærði færðist undan að verða við þeirri áskorun; lét fógetinn þá leita á honum eftir lyklinum, og leyfði ákærði það, og er lykillinn fanst eigi á ákærða, lét fógetinn taka glugga úr herberginu og mann fara þar inn, til að reyna að opna dyrnar að innanverðu, og er það tókst ekki var beðið um sporjárn til að höggva úr dyrastafnum frá læsingarjárninu, en í þeim svífum kom ákærði með lykilinn og lauk upp dyrunum að utanverðu. Fyrir þetta atferli, sem nú hefir verið lýst, var ákærði dæmdur eins og áður er sagt.

Ákærði hefir kannast við það, að hann hafi, eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, læst herberginu er kona hans var í og börn, farið með lykilinn niður í kjallara undir húsinu og hengt hann þar á nagla eða sagt vinnukonu sinni að gera það. En þetta segist ákærði hafa gert til þess að eigi væri verið að hafa neinar fortölur við konu sína og fá hana til að hafa áhrif á sig til að fara góðfúslega, en það hafi verið reynt um daginn og valdið henni óþægindum. Þessi framburður ákæranda styðst við

aðrar skýrslur í málinu, og er þá ekki ástæða til að véfengja hann, eða álíta, að ákærði hafi læst herberginu og farið með lykilinn í þeim tilgangi að tálma embættisverki fógetans.

Ákærði hefir haldið því fram, að fresturinn, sem fógetinn veitti honum til umbugsunar, hafi ekki verið liðinn, þegar fógetinn sendi eftir honum út fyrir túnið, og jafnvel ekki, þegar ákærði lauk upp herberginu, og að byrjað hafi verið á útburðinum í þessu herbergi, sem hafi verið svefnherbergi föður síns og annars manns, jafnvel þótt munir ákærða hafi mestsmegnis verið í öðrum ólæstum hóbýlum hans, og virðist hann þá hafa gert ráð fyrir, að byrjað væri að bera út úr hinum ólæstu herbergjum áður en tekið yrði til við hið læsta herbergi, sem kona hans var í með börnin, og eitt þeirra veikt, að því er upplýst er í málinu. Eftir öðrum skýrslum málsins verður þó að ætla, að fyrteður frestur hafi verið liðinn, þegar fógetinn gekk eftir herbergislyklinum hjá ákærða, og eftir það virðist hafa liðið nálægt fjórðungi stundar, þangað til ákærði opnaði herbergið, en hitt hefir ekki verið véfengt, að megnið af fjármunum ákærða hafi verið í öðrum ólæstum herbergjum, og að byrjað hafi verið að bera út úr herbergi því, er ákærði læsti.

Þegar nú, eins og fyr er sagt, eigi verður talið heimilt að líta svo á, að ákærði hafi viljað tálma embættisrekstri fógetans með því að loka margnefndu herbergi og fara með lykilinn, þá verður það eigi heldur eftir málavöxtum álitid, að ákærði með því að tregðast við að hlýða þegar í stað skipun fógetans, og láta dragast alt að fjórðungi stundar að sækja herbergislykilinn, hafi tálmað þannig embættisstarfi fógetans, að refsingarvert sé sam-



kvæmt 99. gr. hegningarlaganna og með því að ákærða verður eigi heldur refsað fyrir téð atterli hans eftir öðrum lagaákvæðum, ber að sýkna hann af ákærum réttvísinnar í þessu máli, og eftir þeim úrslitum verður að greiða af almanna fé allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í héraði 4 kr. og málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í héraði er það að athuga, að dómur í því hefir verið kveðinn upp fyrir gestarétti, en þar sem að öðru leyti hefir verið farið með það sem sakamál, þykir eigi þurfa að ónýta dóminn fyrir þessa sök. Þá er það og athugavert, að eigi sést að dómurinn hafi verið birtur fyrir ákærða, en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus. Mál færslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Eiríkur Eiríksson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í héraði Magnúsar prests Þorsteinssonar 4 kr. og málflytningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors, greiðist af almanna fé.